



**Eydís S. Úlfarsdóttir** lauk stúdentsprófi af tónlistarbraut frá Menntaskólanum á Akureyri, með víólu sem aðalhljóðfæri, vorið 1994. Framhaldsnám í víóluleik stundaði hún við Konunglega Concervatorium í Brussel og Concervatorium í Amsterdam. Burtfararprófi í söng lauk Eydís vorið 2003 frá Tónlistarskólanum á Akureyri. Næstu tvö árin var hún í London í söngnámi hjá Annette Thompson. Eydís var nemandi við söngskólann í Reykjavík á árunum 2005-2007

og var nemandi hjá Signýju Sæmundsdóttur. Á þeim tíma lauk hún dipABRSM Burtfararprófi frá skólanum og dipABRSM í Kennslufræðum. Eydís hefur sótt mörg námskeið og spilað með ýmsum hljómsveitum. Hún tók þátt í uppfærslu Tónlistarskólans á Akureyri á Hans og Grétu og fór þar með hlutverk mömmunnar, ennig tók hún þátt í uppfærslu Söngskólans á Töfraflautunni. Eydís er kennari við Tónlistarskólann á Akureyri og spilar með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands.